



NORRÆNN BYGGINGARDAGUR – NBD

FUNDARGERÐ – STJÓRNARFUNDUR

Fundarstaður: Café Atlanta, Hlíðarsmára 3, Kópavogi.
Dagsetning: 2. september 2015
Fundarmenn: Smári Þorvaldsson, formaður, SP
Magnús K. Sigurjónsson, ritari, MKS
Eyjólfur Bjarnason, gjaldkeri, EB
Ekki mætt Ágústa Sveinbjörnsdóttir, ÁS
Ekki mætt Jóhanna B. Hansen, JBH

Fundarefni: Undirbúningur ráðsfundar, frh., sjá síðustu fundargerð.

Fundargerð

Ekki voru gerðar athugasemdir við síðustu fundargerð sem er á vef NBD.

Farið yfir einstök atriði undirbúnings

Lokið er undirbúningi u.þ.b. að öllu leyti og leiddi formaður yfirferð um einstök atriði dagskrár, reyndar aftur á bak, þ.e. fyrst skoðunarferð í lok ráðsfundar o.s.frv.

Föstudagur 4. sept. 2015

Ferð í Hellisheiðarvirkjun: EB sagði að rútan hafi verið pöntuð hjá Guðmundi Tyrfingssyni og verður nefnt við þá að rúta þurfi að vera fyrir a.m.k. 15 manns og vera við Hörpu kl. 12.30. Farið verður af stað frá Hörpu 12.45, ekið með leiðsögn eftir heppilegri leið út úr borginni (SP og leiðsögu-arkitekt ákveða leið). Leiðsögn hjá Orkusýn 13.30. Til baka frá virkjun 14.30. Hádegissnarl: Súpa á veitingastaðnum Smurstöð í Hörpu 12.00 – 12.45. Skoðun Hörpu: Halldór, umsjónarmaður reksturs Hörpu sér um leiðsögn um Eldborg, litið verður niður í aðra sali og skoðuð tæknirými í kjallara. Advania hefur samtímis stóra fundi í húsinu. Fyrirlestrar / kynningarfundir á Háuloftum á 6. hæð: Valný Aðalsteinsdóttir og Hildur Gunnlaugsdóttir fjalla um skipulags- og byggingarmál í Reykjavík 9.00 – ca. 10 og Bjarni Már Gylfason hagfræðingur SI leggur til hugleiðingar um hagtolur byggingariðnaðarins kl. 10 – 10.45.

Fimmtudagur 3. sept. 2015

Ráðsfundur á Hótel Sögu, sal Esju kl. 17 – 19.
Rætt var um fyrirkomulag sjálfs ráðsfundarins og í tengslum við það skýrði EB frá síðasta ráðsfundi sem hann sótti sem haldinn var í Kaupmannahöfn.
SP hefur skoðað aðstöðuna og rætt við aðila.
Dagskrá: Fundargerð síðasta ráðsfundar. Kynningar. Samantekt og umræður um næsta fund.
SP mun vera fundarstjóri og MKS mun annast fundarritun.
Kvöldverður á Slippbarnum, Mýrargötu 2, 101 Reykjavík, hefst kl. 20.

Heimasíða NBD

MKS lét eftir síðasta fund opna vefinn www.nbd.is og setti upplýsingar um ráðsfundinn á vefinn.

Annað

EB mun fara á fimmtudagsmorgni á fundarstaði og prófa tengingar með sinni fartölvu og láta leysa tæknileg mál vegna fyrirhugaðra kynninga.
SP mun senda EB fundargerð fyrri ráðsfundar og dagskrá til að fjölfalda fyrir fundarmenn.
Þátttakendur verða 13 frá stjórnnum NBD auk fyrirlesara og tveggja gesta (fulltrúar stuðningsaðila).

Ritað MKS